

Mál nr. 103/2014
M og
V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Málskostnaðartrygging vegna veðskuldar á fasteign þ. 28.8.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.8.4.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 23.4.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-4

Málsatvik.

M krefst bóta úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V vegna ágreinings í máli sem M, ásamt systkinum sínum, eru aðilar að um að veðskuldabréf sem hvílir á fasteign þeirra verði dæmt ógilt á grundvelli 36. gr. samningalaga. M byggir á því að ágreiningur í máli því sem um ræðir varði þau ekki sem eigandur fasteignar heldur sé um gildi veðsamnings, þar sem lánveitandi gætti ekki að reglum varðandi upplýsingagjöf við töku lánsins og veðsetningu. V hafnar bótaskyldu og telur ótvírætt að málið varði M sem eiganda fasteignar þar sem málið varði veðsamning á fasteign þar sem M á ásamt systkinum sínum. V segir að orðalag vátryggingasamningsins sé skýrt og nægjanlegt sé að málið varði vátryggðan sem eiganda fasteignar og á því leiki engin vafi að málið varði M sem eiganda fasteignar.

Álit.

Ágreiningur sá sem lýst er í málskoti lýtur að því að M hyggjast freista þess að fá veðsamningi vegna veðláns á fasteign M og fleiri vikið til hliðar á grundvelli 36.gr. samningalaga nr. 7/1936. M væru ekki aðilar að umræddum ágreiningi nema vegna þess að þau eru eigendur fasteignarinnar að hluta, þar sem ágreiningurinn varðar það að veðsetning fasteignarinnar skv. tilteknum lánasamningi verði niðurfelld. Þessi tiltekni ágreiningur varðar því M sem eigendur fasteignar og á því ákvæði greinar 3.6 í 8. grein vátryggingaskilmála við um þetta tilvik. Ekki er um að ræða sambærilegan ágreining og reyndi á í máli nefndarinnar nr. 366/2013 þar sem ágreiningur varðaði endurútreikning eftirstöðva lánssamnings en ekki veðsetningu. Af þessu leiðir að M eiga ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 13.5.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.